

Ed.

562. Nefndarálit

Í málinu: Frumvarp til laga um sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Nefndin, sem hin háttvirta deild kaus í máli þessu, hefir ekki getað orðið á eitt sátt.

Með því að engin skjöl né skilríki liggja fyrir þinginu um það, hvorki að því er snertir undirbúning málsins í héraði, né heldur nein umsögn æðri stjórnarvalda, verður meiri hluti nefndarinnar að líta svo á, að ógjörningur sé að afgreiða nokkur lög um mál þetta frá þinginu að þessu sinni og ræður því háttvirtri deild til þess, að fella frumvarpið.

En auk þess verður meiri hluti nefndarinnar að líta svo á, að varhugavert sé að selja Húsavíkurhreppi, þeim sem nú er, jarðeignir þessar. Það mun liggja við borð að Húsavíkurbúnaður gangi úr hreppsfélagi því, er það nú er í og myndi nýtt hreppsfélag. Þá fyrst, er það er fram komið, virðist oss ástæða til þess fyrir löggjafarvald og landsstjórn að sinna beiðni þessari.

Þorpsbúar Húsavíkurbúnaðurs eiga einir að njóta jarða þessara og skal fúslega við það kannast, að sanngjarnt sé að þeir fái þær keyptar, þegar mál þetta hefir verið undirbúið hæfilega.

En þar sem telja má það víst, að fleiri beiðnir, líkar þessari, komi til löggjafarvaldsins bráðlega, um sölu á þjóðeignum til kaupmanna, þá ber víst að gæta þess, að miklu skiftir hvernig um þær eignir fer framvegis. Lentu þær síðar meir í höndum fátta manna, ef til vill útlendra kaupmanna, gætu slíkir menn orðið ofjarlar kaupmanna og jafnvel háskamenn alls héraðsins. Fyrir því virðist oss sem vel sé vert að íhuga, hvort ekki væri rétt að setja nokkur almenn lagaákvæði um framsal á lóðum í kaupmanna þeim, er landsstjórnin léti af hendi. Mætti það takast að finna heppileg ákvæði um slík efni, gæti svo farið, að með því yrði girt fyrir afleiðingar af sölu kaupmanna, sem orðið gætu óheillavænlegar fyrir land og lýð.

Alþingi 21. apríl 1909.

Jens Pálsson,
form.

Sigurður Hjörleifsson,
framsögum. meiri hlutans.

Eg get ekki verið samdóma háttv. meiri hluta nefndarinnar um að fella beri frumvarp þetta.

Allir hljóta að viðurkenna, að það er hin mesta nauðsyn fyrir Húsavíkurbúnað, að það fái eignarrétt yfir landi því, er þorpið stendur á og meiri hluti nefndarinnar

viðurkennir, að sanngjarnt sé, að Húsavíkurborg fái kauprétt á jarðeignum þessum. Af hálfu borgsþúa hefir málið verið vel og rækilega undirbúið, og hefir háttvirtri deild verið skýrt frá ástæðunum til þess, að skjöl þessi ekki liggja fyrir þinginu. Það er sanngjarnt og rétt að salan fari eigi fram fyr en Húsavíkurborg er orðið sérstakt sveitarfélag og mun eg bera fram breytingartillögu þess efnis.

Frumvarpið gefur að eins stjórninni heimild til að selja jarðirnar og tryggir að öðru leyti svo vel sem kostur er á, að verðið verði svo hátt, að prestalaunasjóður eigi biði halla við söluna

Eg tel vafasamt, að réttlátt eða heppilegt sé að takmarka, meira en nú er gert, umráðarétt kaupstaða og kaптúna yfir landi því, er þau eiga að eignast, eu teljist slík löggjafarákvæði heppileg, verður að gefa þau með almennum lögum, er ná til allra kaupstaða og kaптúna og til allra löða. Getur þetta því eigi verið réttmæt ástæða til að fella frumvarpið.

Eg verð því að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið, með breytingu þeirri, er eg hefi minst á, og mun eg gera nánari grein fyrir ástæðum mínum við umræðurnar.

Alþingi 21. apríl 1909.

Steingrímur Jónsson.